

TÍMARIT UM UPPELDI OG MENNTUN: STIKLUR UM TILURÐ OG SAMHENGI

Nú eru 30 ár frá því að tímarit um Uppeldi og menntun var sett á laggirnar. Ritstjóri þess, Hafdís Guðjónsdóttir, bað mig að segja frá tildrögum þess að Kennaraháskólinn setti á laggirnar tímarit sem byggðist á ritrýndu efni um uppeldis-, mennta- og skólamál.

Í fyrsta heftinu, sem kom út 1992, er að finna viðtal sem ég tók við Jónas Pálsson þáverandi rektor Kennaraháskólans, en tímaritið var tileinkað honum sjötugum. Um árabíl átti ég sæti í ritstjórn tímaritsins en þetta viðtal var hvati þess að Hafdís hafði samband við mig.

Ég var ráðinn að Kennaraháskóla Íslands haustið 1987. Jónas Pálsson var þá rektor og fékk hann mig fljótlega í alls kyns stjórnunarverkefni. Þar bar hæst vinnu í kjölfar þess að ný löggjöf um Kennaraháskólann var samþykkt 1988 og reglugerð sem kom í kjölfarið og var staðfest 1990. Megináherslan í allri þessari umgjörð var að efla Kennaraháskólann sem háskólastofnun með stjórnkerfi og skipulagi sem hentaði skóla með margar námsleiðir í grunn- og framhaldsnámi. Í þessari lagalegu umgjörð var einnig lögð mikil áhersla á að styrkja og efla rannsóknarstarfsemi skólans og var útgáfa á fræðilegu, ritrýndu tímariti liður í því.

Lög um Kennaraháskólann, sem sett voru 1971, færðu skólann á háskólastig. Þessi lög voru mótuð um kennaranám á einni námsbraut. Lögin frá 1988 skiptu skólanum aftur á móti í þrjár deildir; kennaramenntunardeild, uppeldisvísindadeild og endurmenntunardeild. Sérhæfðu, rannsóknartengdu viðbótar- og framhaldsnámi var ætlaður staður í uppeldisvísindadeild með tilheyrandi umgjörð um stjórnun og ábyrgð.

Í lögunum 1988 birtist áherslan á rannsóknir meðal annars í heimild til að setja á laggirnar rannsóknarstofnun. Henni var ætlað að stuðla að eflingu rannsókna, sinna ráðgjöf um rannsóknir og hafa umsjón með útgáfustarfsemi. Þessa áherslu má líta á sem mikilvægan lið í að styðja uppbyggingu framhaldsnámsins sem stoðum var skotið undir með lögunum 1988. Þegar Rannsóknarstofnun Kennaraháskólans tók til starfa 1991 ákvað stjórn hennar að efla útgáfustarfsemi af ýmsu tagi og skapa með því tekjur til að geta sinnt meginhlutverki sínu, sem var, sem áður segir, að efla rannsóknarstarfsemi skólans og veita ráðgjöf um framkvæmd rannsókna. Útgáfa tímaritsins Uppeldi og menntun var einn þátturinn í þeirri starfsemi. Stofnunin stóð einnig fyrir útgáfu bóka og bæklinga ýmiss konar sem styrktu fjárhagslegan grundvöll hennar, en beinar fjárveitingar til stofnunarinnar voru mjög skornar við nögl.

Tímaritið Uppeldi og menntun hefur komið út óslitið frá árinu 1992. Um tíma var samstarf við Háskólann á Akureyri um útgáfu ritsins og var því ætlað að styrkja fjárhagslegar forsendur og efla tengsl við fræðimenn sem sinntu rannsóknum á uppeldi, menntun og skólastarfi. Árið 2016 voru tímaritin Uppeldi og menntun og Tímarit um menntarannsóknir sameinuð, en hið síðarnefnda hafði um árabíl verið gefið út af Félagi um menntarannsóknir. Ekki var talinn grundvöllur lengur fyrir tveimur tímaritum á þessu sviði. Hið sameinaða tímarit fékk heitið Tímarit um uppeldi og menntun. Arftaki Rannsóknarstofnunar Kennaraháskólans, Menntavísindastofnun Háskóla Íslands, stendur nú fyrir útgáfunni.

Í þessu samhengi ber að nefna að Kennaraháskólinn hóf útgáfu á öðru tímariti árið 2002, ári síðar en Uppeldi og menntun, þ.e. Netlu, veftímariti um uppeldi og menntun. Þessu tímariti var ætlað að vera vettvangur fræðimanna og skólafólks til að birta fræðilegt efni, frásagnir úr skólastarfi, umræðugreinar o.fl. á alnetinu. Netla hefur verið gefin út allar götur síðan sem ársrit og einnig með sérritum ýmiss konar. Þá setti Kennaraháskólinn ráðstefnuna Menntakviku á laggirnar árið 1996 fyrir fræðimenn og fólk af vettvangi til að þinga um rannsóknir og málefni á sviði uppeldis, menntunar og skólastarfs. Menntakvika hefur síðan verið haldin ár hvert og dregur til sín fjölda þátttakenda úr fræðasamfélaginu og af vettvangi. Mörg erindi sem þar eru haldin hafa ratað sem greinar í Netlu, sérrit hennar eða Tímarit um uppeldi og menntun.

Þær stoðir sem hér hefur verið lýst eiga allar þann samnefnara að stuðla að eflingu rannsókna og miðlun þeirra. Þær voru mótaðar í kjölfar löggjafarinnar 1988 og hafa þróast og breyst í samræmi við aðbúnað og getu hverju sinni. Sé gluggað í gömul og ný hefti Tímarits um uppeldi og menntun er augljóst að vel hefur tekist til – í þeim öllum er að finna vandað og áhugavert fræðilegt efni um hin ýmsu málefni á sviði uppeldis, menntunar og skólastarfs. Það sama á við um Netlu og efnisval og dagskrár Menntakviku.

Mikilvægt er að áfram verði haldið að styrkja alla þá starfsemi sem grunnur var lagður að á tíunda áratugnum. Hún er nauðsynlegur hluti þess umhverfis sem þarf að vera til reiðu fyrir allt háskólanám, fræðimennsku og rannsóknir á sviði uppeldis, menntunar og skólastarfs. Nauðsynlegt er þó að horfa gagnrýnum augum á þetta allt og þróa áfram í samræmi við tæknilegar breytingar, samfélagslegar þarfir og áherslur í stefnumörkun yfirvalda á sviði uppeldis-, mennta-, og skólamála. Hér er því til mikils að vinna og eiga orð Jónasar Pálssonar vel við, en í framangreindu viðtali frá 1992 segir hann: „Ég tel líklegt að öflug endurmenntun og framhaldsnám í nokkrum megingreinum uppeldis- og menntunarfræða væru gagnlegasta og áhrifaríkasta aðgerð íslenskra stjórnvalda í dag til að ná fram hröðum umbótum í menntamállum með lágmarkskostnaði – menntamál eru alltaf stjórnám.“